Fullgild rafræn undirskrift
ELÍAS BJARNI GÍSLASON
Kennitala: 250162-5379
2023-01-26 09:53:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Ferðaábyrgðastjóður

## 04 552

# Ársreikningur 2021

## Efnisyfirlit


Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .............................................................. **2**

Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... **3**

Efnahagsreikningur .................................................................................. **4**

Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................... **5**

Skýringar .................................................................................................. **6**



**Ferðaábyrgðastjóður**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Ferðamálastofa**

**kt. 530169-4059**

**Geirsgata 9, 101 Reykjavík**

# Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ferðaábyrgðastjóður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Markmið Ferðaábyrgðasjóðs er að draga úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi skipuleggjenda eða smásala og tryggja hagsmuni neytenda. Með tilkomu sjóðsins var ferðaskrifstofum gert kleift að sækja um lán til að standa undir lögbundnum endurgreiðslum til neytenda vegna pakkaferða, sem annað hvort var aflýst eða voru afbókaðar, og koma áttu til framkvæmda á tímabilinu frá 12. mars til og með 30. september 2020.

Um ferðaábyrgðasjóð gildir bráðabirgðaákvæði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 150/2018 sbr. lög 78/2020 sbr. reglugerð nr. 720/2020 um skilyrði fyrir tímabundnum lánveitingum Ferðaábyrgðasjóðs vegna COVID-19.
Í samræmi við breytingu á reglugerð 720/2020 er fyrsti gjalddagi lána úr Ferðaábyrgðasjóði nú 1. desember 2022.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 14 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. -612,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1.053,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.170,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ferðaábyrgðasjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ferðaábyrgðasjóðs fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Elías Bjarni Gíslason
Ferðamálastjóri

# Yfirlit um afkomu ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| **Tekjur samtals** | | 0 | 0 |
| **Gjöld** | | | |
| Annar rekstrarkostnaður ............................................................................ | 2 | 709.934.080 | 459.563.003 |
| **Gjöld samtals** | | 709.934.080 | 459.563.003 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (709.934.080) | (459.563.003) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður ................................................ | 3 | 97.711.929 | 18.854.199 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap ........................................................... | 4 | (30.000) | 0 |
| | | 97.681.929 | 18.854.199 |
| **Afkoma ársins** | | (612.252.151) | (440.708.804) |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| | Skýr | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Langtímakröfur ........................................ | 5 | 1.915.974.312 | 2.018.396.979 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 1.915.974.312 | 2.018.396.979 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Handbært fé ........................................ | | 254.793.922 | 17.406.678 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 254.793.922 | 17.406.678 |
| **Eignir samtals** | | 2.170.768.234 | 2.035.803.657 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Hrein eign ........................................ | | (1.052.960.955) | (440.708.804) |
| **Eigið fé samtals** | | (1.052.960.955) | (440.708.804) |
| **Skuldir** | | | |
| Fjármögnunarlán frá ríkissjóði ........................................ | 7 | 3.223.729.189 | 2.476.512.461 |
| **Skuldir samtals** | | 3.223.729.189 | 2.476.512.461 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.170.768.234 | 2.035.803.657 |
| **Aðrar upplýsingar** | 8 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ........................................ | | (612.252.151) | (440.708.804) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Óbein afskrift krafna ........................................ | 5 | 706.730.781 | 459.563.003 |
| | | 94.478.630 | 18.854.199 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | | 0 | 0 |
| | | 0 | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 94.478.630 | 18.854.199 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Veitt langtímalán ........................................ | | (604.308.114) | (2.477.959.982) |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu ........................................ | | 0 | 0 |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna ........................................ | | 0 | 0 |
| | | (604.308.114) | (2.477.959.982) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | | 0 | 0 |
| Ný langtímalán ........................................ | | 0 | 0 |
| Fjármögnunarlán frá ríkissjóði ........................................ | | 747.216.728 | 2.476.512.461 |
| | | 747.216.728 | 2.476.512.461 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 237.387.244 | 17.406.678 |
| Handbært fé í byrjun árs ........................................ | | 17.406.678 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 254.793.922 | 17.406.678 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| **2 Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Opinber gjöld - Fjármagnstekjuskattur | 3.203.299 | 0 |
| Niðurfærsla lána | 706.730.781 | 459.563.003 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 709.934.080 | 459.563.003 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 709.934.080 | 459.563.003 |

**3 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af langtímakröfum | 97.711.929 | 18.854.199 |
| | 97.711.929 | 18.854.199 |

**4 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap**

| | | |
|---|---|---|
| Annar fjármagnskostnaður | 30.000 | 0 |
| | 30.000 | 0 |

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **5 Langtímakröfur** | | |
| Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin | 3.082.268.096 | 2.477.959.982 |
| Afskriftasjóður, óbein afskrift langtímakrafna | (1.166.293.784) | (459.563.003) |
| | 1.915.974.312 | 2.018.396.979 |

**6 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (440.708.804) | 0 |
| Afkoma ársins | (612.252.151) | (440.708.804) |
| Jöfnuður 31.12. | (1.052.960.955) | (440.708.804) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

**7 Tengdir aðilar**

*Skuldir við tengda aðila:*

| | | |
|---|---|---|
| Fjármögnunarlán frá ríkissjóði | 3.223.729.189 | 2.476.512.461 |
| | 3.223.729.189 | 2.476.512.461 |

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **8 Aðrar upplýsingar** | | |

*Skuldbindandi samningar*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki gert skuldbindandi samninga

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2021.

*Veittar ábyrgðir*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.